

## Fjármálaráðuneytið

## Minnisblað

Viðtakandi: Efnahags- og viðskiptanefnd  
Sendandi: Tekju- og lagaskrifstofa  
Dagsetning: 2. desember 1998  
Málsnúmer: 98110198  
Bréfalykill: 11-5-3

Efni: Tillögur til breytinga á frumvarpi til breytinga á lögum um bifreiðagjald, lögum um fjáröflun til vegagerðar og lögum um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl.

**Lagt er til að við 1. tl. 1. mgr. 9. gr., bætist svohljóðandi stafliður:**

Sérsmíðaðar keppnisbifreiðar sem eru skráðar sem slíkar og einungis eru notaðar í skipulögðum keppnum og æfingum á vegum samtaka akstursíþróttarmanna, svo og aksturs til og frá slíkum atburðum. Bifreiðarnar skulu merkt með sérstaklega auðkenndum skráningarkerkjum. Ráðherra setur nánari reglur um gerð og útbúnað greindra ökutækja svo og til hvaða atburða akstursheimildin nær. Fari notkun bifreiðanna í bága við þær reglur sem um þær gilda skal vörugjald innheimt að fullu.

- Innkaupsverð framangreindra bifreiða getur verið margfalt verð venjulegra fólksbifreiða, enda eiga slík ökutæki fátt sameiginlegt varðandi efni og búnað.
- Um er að ræða sérsmíðað keppnistæki sem er illa fallið til annarra nota.
- Ef greiða þarf almennt vörugjald af framangreindum bifreiðum er líklegt að ekki sé grundvöllur til að flytja þær inn með venjulegum hætti. Mögulegt væri þá að fara þá leið að skrá bifreiðarnar erlendis. Innflutningsgjöld yörðu þá miðuð við ekna vegalengd eða greitt yrði fast gjald með sem tæki mið af afskriftatíma bifreiðanna. Sá galli er á þessari leið að flytja þyrfti bifreiðarnar úr landi innan 12 mánaða. Þær yrði svo flutt aftur til landsins fyrir næsta keppnistímabil.
- Búnaður til íspróttaiðkunar ber ekki jafnhá innflutningsgjöld og bifreiðar.